

ERLEND TUNGUMÁL - enska

Metanleg hæfniviðmið þrep 1

Hlustun

Skilið það mál sem notað er í kennslustofunni og brugðist við með orðum eða athöfnum.

Fylgt meginþræði í einföldum frásögnum.

Skilið fyrirmæli frá kennara.

Lesskilningur

Skilið megininntak í stuttum einföldum frásögnum.

Fundið afmarkaðar upplýsingar í einföldum texta og nýtt sér í verkefnavinnu.

Samskipti

Spurt og svarað á einfaldan hátt um sjálfan sig, vini, fjölskyldu, áhugamál og nánasta umhverfi.

Skipst á upplýsingum við aðra.

Tekið þátt í samskiptaleikjum og unnið samtalsæfingar.

Frásögn

Sagt frá eða lýst sjálfum sér, vinum, fjölskyldu, áhugamálum og nánasta umhverfi á einfaldan hátt.

Flutt atriði sem hefur verið æft.

Ritun

Skrifað texta með stuðningi frá mynd, hlut eða gátlista.

Menningarlæsi

Sýnt fram á nokkra þekkingu á ytri umgjörðum menningarsvæðisins, s.s. landfræðilegri legu, staðhättum og þekktum stöðum.

Áttað sig á að mörg algeng orði í erlenda tungumálinu eru lík íslensku og skyld öðrum tungumálum sem hann þekkir.

Námshæfni

Beitt einföldum námsaðferðum til að auðvelda námið, t.d. nýtt sér titil á texta eða myndir sem fylgja til að auðvelda skilning á inntaki.

Beitt sjálfsmati sem tengist viðfangsefnum námsins með stuðningi frá kennara.

Tengt ný viðfangsefni eigin reynslu og þekkingu.

Tekið þátt í samvinnu um ýmiss konar viðfangsefni og sýnt öðrum tillitssemi.

Nýtt sér algengustu hjálpartæki, s.s. uppflettirit, orðabækur og leitarvélar.